



Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1714
komudagur 13.3.2003

MÓGILSÁ - RANNSÓKNASTÖÐ SKÓGRÆKTAR
Icelandic Forest Research

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mógilsá, 12. 3. 2003

Efni: Umsögn Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins að Mógilsá um tillögu til þingsályktunar um skógrækt 2004-2009. Þingskjal 1121 – 689. mál.

Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins fagnar eindregið þingsályktunartillögunni og mælir með að hún verði samþykkt verði samþykkt í núverandi mynd.

Greinargerð:

Hérlendis virðist almenn sátt ríkja um áframhaldandi og jafnvel aukið hlutverk ríkisvaldsins í fjármögnun skógræktarmála, vegna margháttads samfélagslegs, umhverfislegs og fjárhagslegs ávinnings í skóglausu og tötrum klæddu landi. Landshlutabundnu skógræktarverkefni (LHV) hafa reynst afar hentugur og skilvirkur farvegur til þess að koma þeirri stefnu í framkvæmd, með aðgreiningu framkvæmdarþáttarins frá öðrum þáttum opinbers stuðnings við skógrækt. Með LHV hefur verið að komið á verktakasamningi milli íslenskra stjórnvalda og íslenskra bænda, þar sem verkefni eiga sér skilgreind markmið og líftíma til 40 ára. Með framkvæmd verkefnanna njóta bændur tekna af því að koma skógum á legg, dreifðar byggðir landsins njóta ávaxtanna til lengri tíma og þjóðin almennt nýtur ytri ávinnings, í formi bættis umhverfis.

Nauðsynlegt er að treysta landshlutabundnu skógræktarverkefni í sessi með áætlun til fimm ára, sem tryggir að þau geti gert trúverðugar framkvæmdaáætlanir og komið, með skilvirkum hætti, til móts við þann mikla áhuga sem reynst hefur á þátttöku bænda. Skógræktaráætlun 2004-2009 gerir LHV kleift að gera raunhæfar áætlanir nokkur ár fram í tímann og ætti það að vera öllum málsaðilum til hagræðingar og hagsbóta. Í tillögunni er einnig skilgreint hlutverk Skógræktar ríkisins í breyttu umhverfi, sem fagstofnunar, með hlutverk á sviði rannsókna, eftirlits, samræmingar og stjórnsýslu. Því frumkvæði ber að fagna.

Virðingarfyllst,

Aðalsteinn Sigurgeirsson

Aðalsteinn Sigurgeirsson
forstöðumaður

☒: **Mógilsá - Rannsóknastöð Skógræktar, 116 Reykjavík**
sími: 515 4502 (bein lína); 515-4500 (skiptiborð); myndsími: 515 4501
GSM: 898 7868
netfang: adalsteinn.sigurgeirsson@skogur.is
veffang: <http://www.skogur.is>